

Útlendar frjettir.

Khöfn 16. júní 1882.

Garibaldi er dáinn, 2. þ. m., á heimili sínu eygni Caprera við Sardiníu. Hann varð hálfáttræður, fæddur 1807, 4. júlí í Nizza. Útför hans var haldin þar á eygni 8. þ. m., til bráðabirgða, í viðurvist mikils fjölmennis af ýmsum þjóðum. Líkið verður síðar flutt til Róms og jarðsett þar á ríkiskostnað, líklega í Kapítólíum. Hann hafði mælt svo fyrir í erfðaskrá sinni frá því í fyrri sumar, að líkama sinn skyldi brenna á báli á tilteknum stað á Caprera, og hafði sjálfur höggvið viðinn í bálið og hlaðið bálkóstinn. En ættingjarnir ljetu það að óskum trúaðrar eða klerkhollrar alþýðu, að bregða út af svo heiðinglegri ráðstöfun. Þegar látið frjettist til Róms, frestaði þingið þar fundum um hálfan mánuð í saknaðarskyni eptir kappann, er leyst hafði þjóðina úr langvinnri ánauð, en samþykkti áður samdægurs lagafrumvarp frá stjórninni um að útför hans skyldi gerð á ríkiskostnað og honum minningarmark í Róm, og ekkja Garibaldi hafa 10,000 franka styrk úr ríkissjóði um árið og börn hans 5 jafnmikið hvert um sig. Þingið í París gerði og fundarfall í sama skyni. Viku síðar var haldin sorgarhátíð í Róm að ráðstöfun bæjarstjórnarinnar; meðal annars gengið í prósessíu um höfuðstræti borgarinnar með líkneski Garibaldi upp á Kapítólíum og krýnt þar. Sama dag minningarhátíð í París í sama skyni. Viða annarsstaðar ýmisleg viðhöfn í svipaða átt, bæði utanlands og innan. Meðal annars hjer í Danmörku samtök um að safna fje í silfursveig á kistu hans.

Á Egiptalandi mesti voði á ferðum. Soldán sendi þangað erindreka af sinni hálfu, Dervish hershöfðingja, að skipa þar málum og koma aptur lagi á stjórnina; var vesturríkjunum, Frakklandi og Englandi, það raunar miður ljúft, þau vildu heldur vera ein um hituna, en urðu að láta svo vera vegna hinna stórveldanna. Dervish kom til Cairo og hugðist að hrinda þar öllu í annað horf í snöggu bragði. En fáum dögum síðar sneru þeir burt þaðan sviplega, hann og jarlinn, Tewfik, og norður í Alexandríu, til að forða fjörvi, að flestir halda. Hafði jarlinn verið milli heims og helju um langan tíma að undanförnu, fyrir þeim Arabi ráðgjafa hans og hans fylgismönnum, fyrir þá sök,

að þeim þótti jarlinn of háður og leiðitampur útlendum ráðanautum, einkum erindrekum vesturríkjanna, en Arabi er oddviti fyrir þeim flokk þarlandra manna, er vilja gera landið óháð Norðurálfumönnum og jafnvel Tyrkjasoldáni með. Eptir að herskipafloti vesturríkjanna var kominn til Alexandríu, 20. f. m., heimtuðu erindrekar þeirra að jarlinn viki Arabi frá völdum. Hann gerði það; en þá gerði herinn í Cairo sig svo ygldan, líklega að undirlagi Arabi sjálfs, að jarli var sá einn kostur nauðugur að taka hann í sátt aptur og fá honum sömu völd og áður, og þó meiri, með því líka allur þorri meiri háttar manna í borginni tók í sama streng, var hótad ella afarkostum af hernum, að sumir segja. Þetta var á hvítasunnudag, og hefir Arabi haft síðan fullkomin alræðisvöld í landinu. En sunnudaginn að var, 11. þ. m., urðu þau tíðindi í Alexandríu, að innlendir lýður þar veittist að útlendum mönnum, sem þar eru fjöldamargir í borginni, og börðu til bana 50—70 manns, sumir segja 100, en særðu hálfu fleiri, þar á meðal konsúla Frakka og Engendinga, og rændi búdir kaupmanna o. s. frv. Lögreglumenn horfðu aðgerðarlausir á viðureign þessa, og herinn innlendi slikt hið sama, þangað til skipun kom um kvöldið frá Cairo að skakka leikinn. Síðan hefir verið kyrrt að kalla. En útlent fólk flýr sem óðast úr landi, hver sem betur getur. Það er mesti sægur, 60—70000 manns, og óttast menn að fæstu verði undan komu auðið nógu fljótt, ef aptur kviknar í kolunum. Soldán ráðgerir nú að senda her manns til landsins að halda lýðnum í skefjum.

Ekki ljetur enn manndrápum og öðrum illvirkjum á Írlandi. Hinn 8. þ. m. myrtur á förnum vegi skammt frá Galway landsdrottinn einn Walter Bourke að nafni og hermaður einn með honum, er fenginn hafði verið honum til verndar.

Rússakeisari hefir látið Ignatieff skila af sjer stjórnarherravöldum 11. þ. m. og fengið þau manni, er Tolstoi heitir til bráðabirgða, að haldið er; Loris Melikoff muni síðan eiga að taka við. Ignatieff fær lítið lof fyrir sína frammistöðu þessa 13 mánuði, sem hann var við völd. Hann ætlaði að yfirstíga öll byltingarrád með grimmd og harðneskju, en gjöreýðendur hafa sýnt greinilega, að þeir eru engu ómagnaðri nú en

þegar hann tók við. Nýfrjett er hingad að keisari hafi látið hengja í einu fyrir fáum dögum 30 varðmanna, er höfðu hjálpað fangelsuðum gjöreýðendum til að hafa brjefaskipti við fjelaga sína; en 600 voru sendir til Síberíu fyrir sömu sakir. Gyðingar flýja úr landi þúsundum saman undan ofsóknum hins kristna skríls á Rússlandi. Hafði Ignatieff látið sjer eigi mjög annt um að afstýra þeim ósköpum.

Ríkisþingið þýzka hefir hrundið fyrir fáum dögum með miklum atkvæðafjölda tóbakseinokunarfrumvarpi Bismarcks, er hann hefir haft á þrjónunum hin síðustu árin.

Það sem af er þessum mánuði hefir verið verkfall meðal eitthvað 100,000 járnema og járnsmiða í Pennsylvaníu í Ameríku.

Fádæma-mikið hafisrek um Atlanzhaf norðanvert þetta vor. Mörg skip komizt í mesta háska af því á leiðinni milli Norðurálfu og Ameríku.

Dáinn hjer í Khöfn 1. þ. m. Caspar Paludan-Müller háskólakennari, góður sagnafræðingur, 77 ára.

EMBÆTTISPRÓF við háskólann, Hinn 2. júní, Ólafur Halldórsson í lögum með 1. einkunn. Hinn 5. s. m. Franz Siemsen í lögum með 2. einkunn. Hinn 15. s. m. Mórítz Halldórson Friðrikssonar í læknisfræði með 2. einkunn lakari (haud II).

Um hafstrauma og ísrek.

Eptir Tr. Gunnarsson.

(Niðurlag).

Fyrir því að hafstraumarnir sjeu talsvert breyttir í ár, virðist sú sönnun sterkari, að ekki hefir í manna minni jafnmikið borizt af ís suður með Ameríku eins og í vetur; daglega hefir verið skýrt frá því í blöðunum að skip, sem fara milli Evrópu og Ameríku hafi rekizt á ís og þurft að krækja langt suður fyrir vanalega skipaleið, til þess að komast suður fyrir hann. Annað hvort hlýtur því að vera, að Gólfstraumurinn sje óvanalega linur, eða Norðurhafsstraumurinn óvanalega strangur.

Í febrúar varð fyrst vart við ís á vanalegri skipaleið til Ameríku, en eptir það færðist hann lengra og lengra suður, skipunum til mikils farartálma. Fyrir nokkurum dögum stóð í blaði